

Hafnarfirði, 9. desember 2020

Fræðsluráð Hafnarfjarðar

## Minnisblað – tillögur minnihluta við fjárhagsáætlun 2021

Tillögur Samfylkingarinnar sem lagðar eru fram við fyrri umræðu fjárhagsáætlunar 2021 í bæjarstjórn Hafnarfjarðar:

### 1) Lagt er til að ráðið verði í 50 - 100% starf forvarnarfulltrúa.

Mikilvægt er að ráðinn verði forvarnarfulltrúi í 50 - 100% starf sem heyra myndi undir íþrótt- og tómstundafulltrúa. Það er ljóst að ungt fólk hefur upplifað talsverða vanlíðan og erfiðleika í tengslum við heimsfaraldur kórónuveirunnar og einhver hópur hefur flosnað upp úr námi. Því er mikilvægt að setja inn aukið fé til að styðja við ungt fólk á þessum erfiðu tímum og koma í veg fyrir að það leiti í auknum mæli í neyslu og annan óheilbrigðan lífsstíl. Öflugar forvarnir eru afar mikilvægar til að hægt sé að takast á við eftirköst faraldursins og draga úr þeim skaða sem hann getur valdið hjá ungu fólki í samfélaginu.

Vísa inn í fræðsluráð, íþrótt- og tómstundanefnd og bæjarráð

Á síðasta ári samþykkti fræðsluráð tillögur starfshóps um forvarnir og að stofna faghóp forvarna sem kæmi í stað Litla hóps sem starfað hefur um árabil. Forvarnartillögur skýrslu starfshópsins eru leiðarljósí faghópsins en þær tillögur komu úr vinnu sérfræðinga Hafnarfjarðarbæjar, fulltrúum foreldra og annarra sérfræðinga á Íslandi um forvarnir. Þessi verkefnivinna hefur enn ekki farið af stað vegna Covid verkefna. Faghópur forvarna mun vinna með mál og stefnu bæjarins varðandi úrræði og verkefni tengdum Covid og ungu fólki.

Íþrótt- og tómstundafulltrúi ásamt öðrum starfsmönnum sviðsins sinna forvarnarverkefnum, verkefnastýra heilsuþænum Hafnarfirði, Ungmennahúsi, Músik og mótör ásamt tilfallandi verkefnum. Til að hafa sem bestu yfirsýn og að samlegðaráhrif skili sér til allra málaflokka er mikilvægt að forvarnarmál séu á einni hendi. Samlegðaráhrif felast í því að hafa verkefni á einum stað Rekstrarstjóri og fagstjóri frístundastarfs kemur að starfi forvarna með íþrótt- og tómstundafulltrúa auk forstöðumanns Hamarsins og forstöðumanns sundstaða. Þessir aðilar



mynda stjórnendateymi tómstundamála þar sem farið er yfir mál og stefna og verklag mótað. Mikilvægt er að skilgreina verkefni forvarna innan ofangreinds teymis og gefa því rými og tíma. Áætlaður kostnaður við tillöguna, 100% starf er 10,8 m.kr.

### 2) Efla starfsemi Ungmennahúsanna í Hafnarfirði

*Fjölga þarf stöðugildum og rekstrarfé til Hamarsins og Músík og Mótor svo efla megi starf þeirra enn frekar. Það er mikilvægt að ungu fólki, 16 - 25 ára sé boðið upp á fjölbreytta þjónustu ekki hvað síst á þeim skritnu og erfiðu tímum sem við lifum nú á. Það eru vísbendingar um verri andlega líðan þessa aldurshóps og meiri einangrun einstaklinga innan hans sem kalla á tafarlausar aðgerðir. Ungmennahúsin gegna mismunandi hlutverki í tómstundastarfi hafnfirskra ungmenna en hafa sameiginleg markmið um að stuðla að menningu og bættri þjónustu við ungmennin í gegnum þau verkefni sem þau taka þátt í. Hlutverk ungmennahúsanna er tvíþætt, annarsvegar að bjóða ungmennum upp á tómstundir sem hafa forvarnar-, uppeldis- og menntunargildi og tekur mið af aldri þeirra og þroska. Hins vegar er hlutverk þeirra að bjóða upp á aðstöðu til afþreyingar og samveru með jafnöldrum í öruggu umhverfi. Áhersla er lögð á fjölbreytileikann og að allir upplifi sig velkomna. Við leggjum því til að fjölgað verði um 2 stöðugildi í Hamrinum og 1 stöðugildi í Músík og Mótor á næsta fjárhagsári.*

*Vísa inn í fræðsluráð, íþrótt- og tómstundanevnd og bæjarráð*

Gildi starfsemi ungmennahúsa hafa sýnt sig í vetur í Hafnarfirði á tímum Covid. Starfsemin hefur tekið stöðugum breytingum til að aðlaga sig að breyttum reglum og til að veita ungmennum góða þjónustu. Meðan önnur sveitarfélög lokuðu í haust ungmennahúsunum sínum þá breyttist starfsemi Hamarsins þannig að opnunartími var aukin og aðaláhersla starfseminnar snérist um að tryggja ungmennum aðgengi að aðstöðu til náms og stuðningi við námið.

Covid hefur haft áhrif á opnunarmöguleika og fjölda gesta á árinu og því liggur ekkert fyrir ósk af hendi stjórnanda Hamarsins og frístundastarfsins eða hugmyndir um aukin stöðugildi né hvert viðfangsefni nýrra starfsmanna væri.

Forstöðumaður Hamarsins tekur þátt í vinnu við verkefni sem tengjast andlegri líðan, einangrun og almennri sálfræði- og félagsráðgjöf við markhóp ungmennahússins.

- a. Unnið er með félagsráðgjöfum á fjölskyldu- og barnamálasviði auk heilsugæslunnar að þróa hópastarf fyrir ungmenni sem eru einangruð og félagslega illa stödd.



- b. Ungmennum Hamarsins býðst endurgjaldslaust 5 tímar hjá sálfræðingi í gegnum Kara connect. Markmiðið er að ungmenni sem ekki hafa aðgengi í gegnum framhaldsskóla að sálfræðiþjónustu fái það í gegnum ungmennahús.
- c. Árið 2020 skertist starfsemi Hamarsins tímabundið sökum þess að húsnæði var notað undir Vinnuskóla yfir sumarið en sú starfsemi varð stærri en nokkru sinni fyrr. Forstöðumannskipti urðu einnig á árinu og var því engin starfsemi né stafsmaður starfandi á vegum Hamarsins í rúma þrjá mánuði. Hamarinn hefur því ekki notað allt rekstrarfé sitt á árinu. Fyrir árið 2021 verður forstöðumaður í fullu starfi allt árið, fyrirhugað er að starfsemi verði í gangi allt árið og mörg samlegðartækifæri verða um samstarfsverkefni sem Vinnuskóli Hafnarfjarðar kostar næsta sumar fyrir ungt fólk í Hafnarfirði.

Með þessum aðgerðum er verið að auka vægi Hamarsins og veita ungmennum mun betri þjónustu árið 2021 án þess að til þess þurfi bein viðbótarstöðugildi. Hamarinn mun á næsta ári nýta allt rekstrarfé miðað við fulla starfsemi.

Mótorhúsið fékk nýverið tækifæri á að semja við Vinnumálastofnun um að þaðan komi starfsmaður (atvinna með stuðningi) til að bæta við í starfsmannahópinn- og auka þannig þjónustu við þá sem þangað koma. Sá starfsmaður er ráðinn til haustsins 2021 og er í 70% starfi. Að svo stöddu er ekki talin þörf á fleiri starfsmönnum. Hinsvegar má huga að því að tengja ungmennahúsin, Hamarinn og Músik og mótör, betur saman, þar sem um er að ræða svipaða markhópa. Mótorhúsið lýtur í dag stjórn fagstjóra frístundastarfsins.

Áætlaður kostnaður við tillöguna er um 21 m.kr.

### **3) Þróunar- og nýsköpunarsjóður leik- og grunnskóla.**

*Þróunar- og nýsköpunarsjóður leik- og grunnskóla. Nýsköpunar- og þróunarstarf er mikilvægur hluti skólastarfs. Við þær aðstæður sem uppi eru í samfélaginu nú um stundir þá er afar mikilvægt að hvetja til þess að efla faglegt starf í skólum svo sem þróun kennsluaðferða og tækni sem hægt er að nota til hagsbóta fyrir nemendur í skólum bæjarins. Áætlað er að leggja 23 milljónir í þennan sjóð á næsta ári. Það er langt frá því að vera nóg við núverandi aðstæður. Því leggjum við til að lagðar verði 50 milljónir til viðbótar í þróunar- og nýsköpunarsjóð leik- og grunnskóla sem bæði opinberir aðilar og einkaaðilar geta sótt fjármagn í til að þróa nýjar lausnir og aðferðir til hagsbóta fyrir hafnfirsku nemendur.*

*Vísa inn í fræðsluráð og bæjarráð*

Próunarsjóður var 106.000.000 kr. árið 2018 og 93.294.997 kr. árið 2019. Sjóðurinn færðist yfir til þjónustu og þróunarsviðs árið 2020 sem mun framvegis sjá um innkaup á spjaldtölvum, smáforritum og bera kostnað af stafrænni þróun innan skólakerfisins. Á fjárhagsárinu 2020 voru nýttar 11.596.000 kr. úr þróunarsjóði. Á fjárhagsári 2021 er áætlað að setja 23.000.000. Fyrirséð er að nýttar verði 8.000.000 kr. í verkefni sem enn eru styrkt af þróunarsjóði og óráðstafaðar eru 15.000.000 kr.

Próunarsjóður hefur staðið straum af greiðslum til kennara vegna oddvita/verkefnastjórnunar í einstaka teyllum í öllum grunnskólum, 10% verkefnastaða UT verkefnastóra innan leikskólanna, nýtt stöðugildi í fjölskyldu- og skólaþjónustu Brúarinnar (2019), búnaðarkaup í leik- og grunnskóla og einsaka íþróttahús, Völu innritunarkerfi, KVAN innleiðingu verkfærakistunnar (árleg námskeið fyrri alla kennara 5. bekkjar). Allt sem nú er komið inn í áætlanir utan þróunarsjóðs. Auk þessa var í ár áætlað fjármagn í þróunarsjóð tómsbundamál sem ekki hefur verið sinnt á þessu covid ári og vinna við menntastefnu Hafnarfjarðar hefur legið niður frá því á vormánuðum vegna sóttvarnaráðstafana í samfélaginu.

Áætlaður kostnaður við tillögu er um 50 m.kr.

#### **4) Uppbygging leikskóla í Öldutúnsskólahverfi**

*Uppbygging leikskóla í Öldutúnsskólahverfi Við fulltrúar Samfylkingarinnar leggjum til að hafist verði handa án tafa við frekari uppbyggingu á leikskóla í skólahverfi Öldutúnsskóla. Það er fyrirséð að með fjölgun íbúa í hverfinu, breytinga á aldurssamsetningu vegna endurnýjunar í hverfinu sem og með frekari áætlunum um lækkun á inntökualdri muni þörfin í hverfinu síst fara minnkandi og því mikilvægt að horfa til framtíðar. Ráðist verði þegar á næsta ári í að byggja upp þessa mikilvægu grunnþjónustu innan hverfisins með áherslu á að samnýta grunnstoðir leik- og grunnskóla og draga þannig úr aðgreiningu milli skólastiga.*

*Vísa inn í fræðsluráð og bæjarráð*

Fyrst ber að geta þess að Hafnarfjörður er eitt skólahverfi og þarf því að áætla þörf á leikskólaplássum út frá íbúapróun Hafnarfjarðar í heild sinni þegar taka á ákvarðanir. Ávallt er reynt að bjóða börnum pláss í því hverfi sem barnið býr í eða því hverfi sem óskað er sérstaklega eftir. Börn sem fædd eru fyrri hluta árs (jan., feb., mars, apríl, maí 2019) er boðið pláss þar sem er

laust til að tryggja barninu leikskólavist, þessi börn fá 5 skólaár í leikskóla. Ef þeim er ekki úthlutað pláss í leikskóla í fyrsta vali, þá dvelja þau eitt skólaár í leikskóla sem þeim var úthlutað, geta svo sótt um flutning og dvelja í 4 ár í þeim leikskóla sem sótt var upphaflega um.

Fjöldi barna í leikskólum Hafnarfjarðar í nóvember 2020 er samkvæmt tölum úr Karellen skráningarkerfinu 1716 börn. Heildar fjöldi leikskólaplássanna í Hafnarfirði fer eftir aldursamsetningu barna á hverjum leikskóla fyrir sig.

Börn geta innritast í leikskóla frá 15 mánaða aldri, fer eftir fæðingarmánuði. Í ágúst sl. þá var börnum. Fædd í júní 2019 þá 14 mánaða boðið pláss. Börn fædd 2014 sem hófu grunnskólagöngu sl. haust voru það mörg að það reyndist svigrúm til þess að bjóða einnig börnum fæddum í júní 2019 pláss.

Eins og hér er lagt upp með að ofan þá getur vantað pláss í Öldutúnsskólalhverfinu en það vantar ekki leikskólapláss í Hafnarfirði.

Þegar skoðaðar eru tölur um íbúafjölda og heildarfjölda leikskólaplássanna í Hafnarfirði þá vantar ekki pláss fyrir leikskólabörn sem innritast eiga haustið 2021. Hreyfing er á barnafjölda eftir hverfum en ef skoða á eitt hverfi frekar en annað þá þyrfti að loka leikskólum í hverfum þar sem barnafjöldi er lægri, en slík ákvörðun hefur ekki verið tekin.

Ef skoða á í náinni framtíð hvort þörf sé á fleiri leikskólaplássum í Hafnarfirði væri ekki úr vegi að skoða að sameina í skólahúsnæði leik- og grunnskóla og þá í tengslum við endurbætur á grunnskólahúsnæði Öldutúnsskóla. Þá er einnig bent á að samþykkt liggur fyrir um viðbyggingu við Smáralund fyrir 2 leikskóladeildir.

Miðað við Hannar byggingarlykil, þá má áætla að kostnaður við tillöguna; 750 fermetra leikskóla með lóð væri 550-600 m.kr.

## **5) Efla starf Brúarinnar með fjölgun stöðugilda**

*Efla starf Brúarinnar með fjölgun stöðugilda. Fjölga þarf stöðugildum og efla enn frekar starf Brúarinnar. Það er ljóst að þverfaglegt starf í grunnskólum bæjarins hefur aldrei verið eins mikilvægt og nú um stundir. Í kjölfar farsóttarinnar og þeirra efnahags- og félagslegu áhrifa sem hún hefur haft verður mikil þörf á að mæta nemendum í leik- og grunnskólum með markvissum*

*hætti með snemmtækri íhlutun. Því er það tillaga okkar að í það minnsta tveimur stöðugildum verði bætt við til að efla þetta mikilvæga starf strax á næsta ári.*

*Vísa inn í fjölskylduráð, fræðsluráð og bæjarráð*

Nú um áramót (2020-2021) hefur verið ráðinn inn starfsmaður í 100% starf til að styrkja fjölskyldu- og skólaþjónustu Brúarinnar. Starfsmenn af sviði Mennta- og lýðheilsusviðs og fjölskyldu- og barnamálasviðs sem sinna áttu þessu hlutverki frá hausti 2020 hafa verið í veikindum frá því í sumar. Ekki er hægt að hægja á innleiðingu þessa snemmbæra stuðnings Brúarinnar inn í skólana. Því hefur starfsmaður verið ráðinn inn í verkefnið tímabundið til árs. Mikilvægt er að halda innleiðingunni áfram og styðja skólana í þeim breytingum og stuðningi sem þarf til að verkferlar kerfisins geti virkað á þann hátt að börn og ungmenni fái snemmtæka þjónustu líkt og Brúin stendur fyrir. Kennsluráðgjafar, náms- og starfsráðgjafar, skólafélagsráðgjafar, talmeinafræðingar og sálfræðingar eru starfsmenn sem horfa þarf til þegar huga á að eflingu verkferla Brúarinnar, þannig styrkjum við kerfið innan frá. Verið er að innleiða verkferla Brúarinnar og þeir enn að festa sig í sessi enda um þróunarverkefni að ræða. Ekki er því tímabært að bæta við stöðugildum í Brúnni að svo stöddu.

Áætlaður kostnaður við tillöguna er um 16,4 m.kr.

### **Tillaga Viðreisnar - sálfræðingar í skólum**

*Á fundi bæjarstjórnar þ. 13.nóvember sl. var eftirfarandi tekið fyrir:*

*Tillögur Viðreisnar vegna vinnu við fjárhagsáætlun Hafnarfjarðar:*

*Finum leiðir til að auka við sálfræðiþjónustu við börn og unglinga um eitt stöðugildi.*

Sálfræðingar skrifstofu-mennta – og lýðheilsusviðs sitja í Brúarteymum í leik- og grunnskólum Hafnarfjarðar þar sem þeir eru til ráðgjafar fyrir aðra sérfræðinga innan skóla og skrifstofu sviðsins í einstaklingsmálum. Í þeim tilfellum sem mál er á bið hjá sálfræðingi eða öðrum ráðgjöfum er unnið með málið innan skólans og foreldrum veitt ráð eða boðið á námskeið. Slíka þjónustu veita ráðgjafar innan Brúarinnar sem síðan koma málum í réttan farveg innan skólans eða hjá ráðgjöfum ráðhússins.

Í dag eru 4,4 stöðugildi að sinna grunnskólum bæjarins í formi ráðgjafar, greininga, námskeiða og í Brúarteymum. Heildarstöðugildi sálfræðinga í leik- og grunnskólum auk stöðugildis

deildastjóra stoðþjónustu eru 7,4. Skilgreint er 1,2 stöðugildi í námskeiðshald af þessum 7,4 stöðugildum. Sem er hluti af forvarnar og inngríps úrræðum í samvinnu Brúarinnar. Á bak við hvert stöðugildi sálfræðings í grunnskólum eru um í dag 790 nemendur og um 685 börn á hvern sálfræðing í leikskólum (756 hafnfirsk börn á stöðugildi sálfræðings)

Námskeiðs úrræði eru sambærileg og á síðasta ári. Þrátt fyrir Covid tímabil hafa sálfræðingar á skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs verið með nýtt námskeið, Foreldrar til forystu (Parent Led), sem er ætlað fyrir foreldra barna með undirliggjandi kvíða. Einnig hafa námskeiðin Klókir litlir Krakkar ásamt PMTO foreldrafærninámskeiðum verið í boði fyrir foreldra bæði leikskóla- og grunnskóla barna sem þurfa á aðstoð að halda. Eins og fyrr hefur verið skimað sérstaklega inná þessi námskeið (foreldrar til forystu, KLK og Peers), svo börn sem virkilega þurfa íhlutun fái hana.

Á næsta ári er gert ráð fyrir því að 3-4 námskeið verði á vegum skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs, en PMTO námskeiðin eru nú orðin hluti af vinnu Brúarinnar.

Samvinna við heilsugæslu Hafnarfjarðar heldur áfram að þróast og hefur ýmislegt áunnist með aukinni skilvirkni og samtali á milli ráðgjafa Hafnarfjarðarbæjar og starfsmanna heilsugæslustöðvanna.

Vakin skal athygli á því að sálfræðingar heilsugæslu (1,5 stöðugildi í HFJ) sinna að mestu viðtölum og ráðgjöf við börn og foreldra þeirra á meðan sálfræðingar skólaþjónustu sinna greiningu, námskeiðum og ráðgjöf. Það er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að það er á ábyrgð ríkisins að sinna meðferð við börn en ekki sveitarfélagana. Aðrar starfstéttir innan skólans s.s námsráðgjafar og skólafélagsráðgjafar eru einnig að sinna viðtölum og ráðgjöf við nemendur. Það er hlutverk skólaþjónustu að skilgreina hver gerir hvað í þessu ferli. Mikilvægt að styðja vel við Brúarteymi skólanna og halda áfram að þróa þá vinnu með tilliti til þess að koma betur til móts við fjölskyldur með snemmtækum hætti.

Það er mikilvægt að bæta við fleiri og fjölbreyttum leiðum í nálgun innan sem utan skólanna og efla úrræði fyrir börn og foreldra. Sálfræðingar einir og sér inn í skólakerfið eru líklega ekki eina svarið við þeirri yfirgrípsmiklu þjónustu sem veita þarf inn í skólakerfið. Mikilvægt er að styrkja foreldra og skólana og leggja áherslu á að vinna með foreldra snemma í ferlinu, bæði í leikskóla og á yngstu stigum grunnskóla. Þar er verklag okkar í Brúnni sem tengir alla sérfræðinga mennta- og lýðheilsusviðs þar sem áherslan er fyrst og fremst á snemmbæran stuðning með þverfaglegri samvinnu allra sérfræðinga innan kerfisins kjarni starfsins.



**HAFNARFJÖRÐUR**

Áætlaður kostnaður við tillöguna er um 10,3 m.kr

Tekið saman af

*Framkvæmdateymi mennta- og lýðheilsusviðs*

Fanney Dís Róttvíð Halldórsdóttir

Sviðsstjóri mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar